

Ed. 301. Frumvarp til laga [72. mál]

um breyting á lögum nr. 64 31. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. febr.)

Samhljóða þskj. 74 með þessari breytingu:

11. gr. hljóðar svo:

Í stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar skulu vera fimm menn, skipaðir af sjávarútvegsráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af Fiskifélagi Íslands, einn tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna, einn tilnefndur af starfsmönnum Hafrannsóknastofnunar og einn tilnefndur sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Sömu aðilar tilnefna varamenn.

Ráðherra skipar formann stjórnar.